

Skýrsla samráðsnefndar
um framtíð íslenskrar bókaútgáfu

Janúar 2014

Í lögum um bókmenntir sem tóku gildi 1. janúar 2013 er kveðið á um skipan samráðsnefndar um bókaútgáfu sem ráðherra skipi en um hana segir eftirfarandi:

Samráðsnefndin skal skila ráðherra skýrslu þar sem fjallað verði um framtíðarsýn og starfsumhverfi íslenskrar bókaútgáfu, miðlun og bókmenningu, kennsluefni og fagefni fyrir skóla og fyrirtæki, svo og almenna bókaútgáfu. Nefndinni verði m.a. falið að leggja fram tillögur og marka skýra stefnu um aukna rafbókavæðingu á Íslandi, stafrænan aðgang almennings að höfundarréttarvörðu efni, kerfisbundin innkaup bókasafna, greiðslur fyrir aðgengi almennings að prentuðum og rafrænum bókum, eflingu námsgagnaútgáfu og hvernig megi auka aðgengi nemenda að innlendum námsbókum. Ráðherra verði heimilt að fela samráðsnefndinni frekari verkefni ef þörf er á.

Við skipan í samráðsnefndina leitaði ráðherra eftir tilnefningum Rithöfundasambands Íslands og Hagþenkis, félags fræðibókahöfunda, um fulltrúa í nefndina. Samráðsnefndina skipa Njörður Sigurjónsson, formaður án tilnefningar, Kristján B. Jónasson, tilnefndur af Félagi íslenskra bókaútgefenda, Ingibjörg Ásgeirsdóttir, fyrir hönd Námsgagnastofnunar, Davíð Stefánsson, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands og Stefán Pálsson, tilnefndur af Hagþenki.

Nefndin hittist á fundum vor og haust 2013 og bauð til sín gestum til þess að ræða einstök atriði. Gestir voru: Ingibjörg Sverrisdóttir, landsbókavörður, Helga Sigrún Harðardóttir, framkvæmdastjóri Fjölís, Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður, Marínó Njálsson, framkvæmdastjóri Snara.is, Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands, Sigurður Arnar Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri í Grundaskóla, Akranesi og stjórnarmaður í Skólastjórafélagi Íslands og Ágúst Einarsson, prófessor við Háskólann á Bifröst.

10. janúar 2014

Fyrir hönd nefndarinnar,
Njörður Sigurjónsson, formaður.

Inngangur

Ef tungumál er notað á öllum sviðum er staða þess sterk. Á hinn bóginn er staða hvaða tungumáls sem er veik ef það er ekki notað eða jafnvel ekki talið nothæft nema á sumum sviðum samfélagsins og það látið vikja fyrir öðrum málum. Staða íslenskrar tungu verður best treyst með því að nota íslensku sem víðast í íslensku samfélagi og á sem fjölbreyttastan hátt þannig að engin svið verði út undan. Þar er mikilvægt að þjóðin sjálf taki einarða afstöðu með íslenskri tungu.

(Íslenska til alls: tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu 2009)

Íslensk bókaútgáfa er atvinnugrein sem veltir um 6,8 milljörðum og veitir með beinum hætti um 300 manns atvinnu á ári. Bækur hafa verið prentaðar á Íslandi frá því á 16. öld, en eiginleg nútímaleg bókaútgáfa hefur staðið síðan seint á 19. öld og samtök bókaútgefenda voru stofnuð árið 1889. Langstærstur hluti íslenskrar bókaútgáfu stendur undir sér með viðskiptum á neytendamarkaði þar sem textum á íslensku er miðlað til almennings. Bókaútgáfan skapar virði úr vinnu höfunda, teiknara, ljósmyndara og annarra höfundarréttshafa og er hluti af virðisæðju miðlunar þar sem við sögu koma endursöluaðilar, prentsmiðjur, umbrotsfólk, hönnuðir og fjöldamargir aðrir. Auk miðlunar á textum á íslensku hafa íslenskar bókaútgáfur haft forgöngu um að flytja út íslenskar bókmenntir um allan heim. Þessi útflutningur hefur bæði aukið tekjur höfunda og haft mikil jákvæð áhrif á orðspor landins.

Íslensk bókaútgáfa er einnig ein af meginstoðum íslenskrar menningar. Næring tungumálsins, vöxtur þess og viðhald er háð því að íslenskur texti gefinn út og lesinn. Halda má því fram að íslensk tunga sé kjarninn í sjálfsmynd Íslendinga og jafnvel helsta framlag þjóðarinnar til heimsmenningarinnar. Íslenskar bókmenntir, fræði, skáldskapur og námsefni mynda akur og forðabúr tungumálsins og íslenskrar menningar.

Íslensk bókaútgáfa stendur nú frammi fyrir áskorunum sem felast í breyttri miðlun texta og þar af leiðandi breyttu viðskiptaumhverfi. Lesendamarkaðurinn sem stendur undir nær öllum tekjum útgáfunnar er að breytast vegna tækniþróunar en einnig er krafa málsamfélagsins um rafrænt aðgengi að textum á íslensku brýnni.

Rafræn miðlun íslenskra texta til almennings og skólafólks verður helsta viðfangsefni bókaútgáfunnar á komandi árum. Slík miðlun útheimtir fjármagn og stefnumótun sem ekki er á færi bókaútgáfunnar einnar. Miðlun námsefnis og miðlun textaarfsins útheimtir að ríki, sveitarfélög og hagsmunaaðilar í greinni nái að vinna að markmiðum sem gagnast öllum sem skilja og tala íslensku, hvar sem þeir eru í heiminum.

Í þessari skýrslu eru tillögur samráðsnefndar um framtíð íslenskrar bókaútgáfu í ljósi þeirra fjölmörgu og viðamiklu spurninga sem lagt er upp með í lögum um skipan nefndarinnar. Vinna samráðsnefndarinnar fólst í því að kanna þá þætti sem liggja til grundvallar þessum spurningum, kynna sér umræðu um málefnið á erlendum vettvangi og móta í framhaldi af því áherslupunkta fyrir tillögugerðina.

Megináhersla nefndarinnar snýr að aðgengi að texta- og menningararfi þjóðarinnar en einnig fjalla tillögurnar um námsefnisgerð og um almennan stuðning við bókaútgáfu. Þó má segja að auk þess sem komi fram í lögum um skipan nefndarinnar hafi þrjár mikilvægar spurningar rammað inn vinnuna:

1. Hvernig miðlum við íslenskum almenningi íslenskum textaarfi á stafrænu formi?
2. Hvernig tryggjum við að íslensk bókaútgáfa geti áfram staðið undir sér, og um leið íslenskri menningu, í stafrænu umhverfi?
3. Hvernig gerum við íslenskum nemendum á öllum skólastigum kleift að nýta íslenskt textaefni á stafrænu formi?

Tillögur nefndarinnar

Tillögur nefndarinnar eru í grófum dráttum sex talsins í þremur yfirflokkum:

I. Rafbókavæðing og prentarfurinn í opnum aðgangi

- Að öllum almenningi verði án endurgjalds veittur aðgangur að prentarfi Íslendinga, sem ekki er á markaði, í gegnum vefgáttina bækur.is. Þetta verði gert mögulegt með sérstökum samningi við höfundarréttarhafa á svipaðan hátt og gert hefur verið í Noregi.
- Að opinberir aðilar ýti undir heilbrigðan, fjölbreyttan og sjálfbæran rafbókamarkað með því að veita fjármagn í sérstakt átak til að koma íslenskum bókum og sérstaklega eldri titlum á rafbókarform.

II. Framboð á námsefni

- Að námsgagnaútgáfa á framhaldsskólastigi verði eflað og allt námsefnið verði aðgengilegt rafrænt. Lagt er til að Þróunarsjóður námsgagna verði endurskipulagður þannig að styrkir miði að útgáfu og að gengið verði úr skugga um gæði og tryggða dreifingu áður en styrkir eru veittir.
- Að námsgagnagerð á grunn- og leikskólastigum verði eflað, að gagnvirkir námsefni á erlendum málum verði þýtt eins og kostur er áður en það er tekið til notkunar í skólakerfinu og að nemendum verði tryggður aðgangur að búnaði til að vinna með rafrænt námsefni.

III. Almenn skilyrði bókaútgáfu

- Að yfirvöld gæti að því að íslenskri bókaútgáfu sé búið hagfelld viðskiptaumhverfi, t.a.m. í hagstæðum virðisaukaskatti, og að áfram verði tekið tillit til þess að bókaútgáfa er ekki aðeins sjálfbær viðskiptagrein heldur einnig menningarlega mikilvæg stoð í tilvist íslenskrar tungu.
- Að útgáfustarfsemi hins opinbera fari í skýrari farveg og verk sem hingað til hafa verið gefin út af ýmsum stofnunum sem ekki hafa með útgáfumál að gera verði almennt boðin út til aðila sem hafa fagkunnáttu í ritun, ritstýringu og dreifingu.

1. Prentarfurinn í opnum aðgangi

Samráðsnefndin leggur til að almenningi verði án endurgjalds veittur aðgangur að öllum höfundarréttarvörðum prentarfi Íslendinga, sem ekki er á markaði, í gegnum vefgáttina bækur.is. Þetta verði gert mögulegt með sérstökum samningi við höfundarréttarhafa á svipaðan hátt og gert hefur verið í Noregi með eftirtektarverðum árangri.

Stafræn endurgerð og birting á þeim hluta prentarfsins sem er í höfundarrétti færi fram með sama hætti og sjá má nú á vefgáttunum bækur.is og timarit.is, sem báðar eru í umsjá Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Verkin yrðu ljósmynduð og birt á netinu og þar væri hægt að skoða þau í ýmsum myndum, en ekki væri hægt að hlaða þeim niður á lestrartæki eða geyma eintak. Greitt yrði fyrir þessi afnot samkvæmt samningum sem Fjölís gerði fyrir hönd höfundarréttihafa við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Fyrir liggur að samtök hlutaðeigandi höfundarréttihafa, Félag íslenskra bókaútgefenda, Hagþenkir og Rithöfundasamband Íslands, eru fylgjandi slíku samkomulagi.

Nú þegar hefur almenningur á Íslandi fullan aðgang að rafrænum útgáfum vísindatímarita á hvar.is, fullan aðgang án endurgjalds að tímaritum og dagblöðum á timarit.is og að bókum utan höfundarréttar á vefgáttinni bækur.is.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur mótað sér þá stefnu að endurgera stafrænt allan prentarf Íslendinga til varðveislu. Þessi stefnumótun myndar tæknilegan grundvöll fyrir birtingu prentarfsins og mikilvægt að hún fái góðan stuðning og þann tæknibúnað sem til þarf.

Allt vísindasamfélagið, skólasamfélagið, stofnanir og almenningur, sem og fræðimenn um heim allan, hefðu með þessu óheftan aðgang að megninu af því sem gefið hefur verið út á prenti á íslensku, bæði til lestrar og orðaleitar. Aðgangur á borð við þennan er ómetanlegur í menningarlegum og samfélagslegum skilningi, enda hefur reynslan af timarit.is sýnt að með opnum aðgangi eru sögulegar upplýsingar í seilingarfjarlægð fyrir alla. Aðgangurinn að sjálfum textum hinna ýmsu bóka er einnig líklegur til að hafa í för með sér nýsköpunartækifæri af ýmsum toga og draga fram í sviðsljósið á nýjan leik glataðar perlur.

Áform um að endurgera bækur stafrænt og birta þær á netinu verða hins vegar ekki framkvæmd nema í sátt við höfundarréttihafa eða þá sem hafa haft með útgáfu efnisins að gera með samningum við höfundarréttihafa. Samkvæmt höfundarlögum er óheimilt að dreifa, fjölfalda eða á annan hátt miðla höfundarréttarvörðu efni í allt að 70 ár eftir andlát höfundar. Við andlát höfundar rennur höfundarréttur til erfingja hans eða annarra sem hafa hann með höndum. Þessi ákvæði eru hluti af alþjóðasamningum sem Ísland hefur undirgengist, svo sem Bernarsáttmálanum, samþykktum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og tilskipunum ESB.

Til að auðvelda dreifingu höfundarréttarvarins efnis og tryggja aðgang stofnana, skóla og almennings að því efni sem ekki er á almennum markaði hefur verið samið um skilgreind not við regnhlífarsamtök höfundarréttihafa á Íslandi, Fjölís, sem gerir fyrir hönd höfundarréttihafa samninga um eftirgerð höfundarréttarvarinna verka. Þessir samningar byggja á grunni samfélagslegarar skylduinnheimtu sem auðveldar í senn afnot af efninu og umbunar höfundarréttarhöfum.

Það er því tillaga nefndarinnar að núverandi innheimtukerfi Fjölís verði útvíkkað þannig að það taki til allra prentaðra bóka í höfundarrétti. Til þess þarf breytingu á höfundarlögum sem heimilar Fjölís gjalddöku fyrir slíkt. Í kjölfarið yrði gert sérstakt samkomulag við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn fyrir hönd ríkisins þar sem samið yrði um árlegar greiðslur fyrir

stafræna endurgerð og birtingu alls höfundarréttarvarins efnis. Áfram gilda þeir fyrirvarar sem nú eru í samningum Fjölíss að höfundarréttthafi geti hvenær sem er tilkynnt um að hann vilji ekki hafa verk sín innan vébanda þessara skilmála (e. opt-out). Ætla má að allir sem sjá fram á að geta fénytt verk sín á frjálsum markaði muni kjósa að undanskilja verk sín hinni sameiginlegu stafrænu endurgerð, enda er hún ekki hugsuð sem samkeppni við frjálstan bókamarkað.

2. Rafbókavæðing

Samráðsnefndin leggur til að sérstakt átak verði gert í að koma íslenskum bókum og sérstaklega eldri titlum á rafbókarform til að skjóta styrkari stoðum undir framboð á íslenskum rafbókum. Þetta yrði gert með einskiptisaðgerð, þar sem komið yrði á fót sjóði sem úthluta myndi styrkjum til útgefenda og/eða höfunda til að standa straum af kostnaði við yfirfærslu bóka.

Íslenskur bókamarkaður er að slíta barnsskónum á sviði rafbóka. Helstu vandamál þessa nýja rafbókageira eru einkum tvenns konar. Annars vegar hvernig auka megi fjölda íslenskra rafbókartitla, einkum á eldra efni, en hins vegar hvort og hvernig bókasöfn geti lánað út rafbækur.

Sífelld stærri hópur þeirra sem rita og lesa íslensku ræður yfir lestækjum af ýmsum gerðum. Framboðið af íslenskum rafbókum er hins vegar enn fremur lítið. Ætla má að íslenskir bókaútgefendur muni á næstu árum gefa sífellt fleiri ný verk út á rafbókarformi og ekki virðist þurfa að ýta sérstaklega á eftir þeirri þróun. Öðru máli gegnir um framboð á eldra efni. Kostnaður við yfirfærslu áður útgefinnar verka yfir á rafbókaform er talsverður og útgefendur hafa ekki haft þann viðskiptalega hvata sem nauðsynlegur er til að gefa út eldri bækur á rafbókaformi. Á sama tíma kalla notendur raflesara eftir auknu efni á móðurmálinu. Það er óheppilegt á jafn litlu og viðkvæmu málsvæði og því íslenska að ekki sé tryggt aðgengi að sem fjölbreyttustu lesefni á rafrænu formi á móðurmálinu, enda verður það ein af grunnforsendum fyrir viðhaldi tungumálsins í framtíðinni. Þessi skortur er ógn við íslenska tungu og bregðast þarf hratt við henni, bæði í samhengi við rafbækur á frjálsum markaði og aðgengi nemenda að smáforritum á íslensku, eins og komið er inn á annars staðar í þessari skýrslu.

Niðurstaða nefndarinnar er að til að skjóta styrkari stoðum undir íslenska rafbókamarkaðinn sé mikilvægt að efna til átaksverkefnis sem fjölga myndi íslenskum rafbókum. Þetta yrði gert með einskiptisaðgerð, þar sem komið yrði á fót sjóði sem styrkja myndi útgefendur og/eða höfunda til að standa straum af kostnaði við að gera rafbókagerðir af eldri bókum. Miðað væri við tiltekna upphæð fyrir hvern titil og ákveðinn heildarfjölda bóka. Teldist fyrsta áfanga verkefnisins lokið þegar búíð væri að koma út 500 rafbókum, t.d. fyrir 100 ára afmæli Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns árið 2018, en í stærra samhengi yrði skoðað hvort halda ætti áfram með verkefnið og stækka það enn frekar út. Þar sem alltaf yrði aðeins um að ræða tiltekinn hluta íslenskra bókmennta þyrfti að halda vel utan um valið faglega og er það tillaga nefndarinnar að Miðstöð íslenskra bókmennta yrði fengin til að sjá um úthlutun á þessum rafbókastyrkjum. Þess má geta að áþekkt leið var farin í Frakklandi til að bæta rafbókakost frönskumælandi lesenda og var áætlun þess efnis innleidd af franska forsetaembættinu, ekki síst til að styrkja stöðu frönskunnar sem þykir vera í veikri stöðu gagnvart ensku.

Ávinningurinn af átaki í fjölgun rafbókartitla er margvíslegur. Frá menningarlegu sjónarmiði er æskilegt að auka hlutfall íslensks efnis gagnvart ensku í rafbókalestri. Bækurnar sem vænta má að gefnar yrðu út með þessum stuðningi hafa menningarlegt gildi og því æskilegt að bæta aðgengi komandi kynslóða að þeim. Fjölgun titla mun jafnframt auka áhuga á útgáfuforminu, ýta undir útbreiðslu lestækja og þannig efla enn frekar markað með íslenskar bækur á stafrænu formi.

Eins og staðan er núna, árið 2014, bendir ýmislegt til þess að sú tæknilausn sem verði ofan á varðandi miðlun rafbóka sé svokallað „streymi“. Streymi felur einfaldlega í sér að notendur og lesendur hlaða ekki niður þeim bókum eða skjölum sem þeir þurfa heldur lesa þeir beint af skjánum í gegnum þartilgerðar vefgáttir. Þar með geta allir, hvort sem þeir eiga lestæki eða bara venjulegar tölvur, nýtt sér rafbækur. Ofangreind greinargerð á við þær rafbækur sem ætlaðar eru til sölu á almennum rafbókamarkaði.

Spurningin sem snýr að almenningsbókasöfnunum er flókin viðureignar. Stjórnendur almenningsbókasafna votta að viðskiptavinir þeirra knýi á um að geta tekið rafbækur að láni og telur bókasafnsfólk það skyldu stofnana sinna að tileinka sér nýja tækni. Á hinn bóginn fylgja bókasafnsútlánnum rafbóka vandamál. Óheft útlán rafbóka geta skapað óheppilega samkeppni við almennan bókamarkað og haft áhrif á tekjur höfunda og útgefenda. Einnig er ljóst að semja þarf um greiðslur til höfundarrétthafa og útgefenda fyrir útlánin. Á meðan líftími prentaðrar bókar er takmarkaður eru í raun engin takmörk fyrir því hversu mörgum unnt er að láta rafbókina í té til útláns á almenningsbókasafni.

Ýmsar leiðir hafa verið reyndar til að samþætta sjónarmið almenningsbókasafna og höfundarrétthafa og útgefenda, en árangurinn er misjafn. Í Danmörku var til að mynda gerð metnaðarfull tilraun til rafbókaútlána, sem hafi bæði mikil áhrif á neyndamarkað með rafbækur og kom hart niður á rekstrarfé viðkomandi safna. Hagsmunaðilar hérlandis, bæði bókasöfn og útgefendur, skoða stöðugt þróun í þessum málum í ólíkum löndum með það fyrir augum að átta sig betur á heppilegum lausnum

Annað ljón í vegi rafbókavæðingar íslenskra bókasafna tengist rekstrarforminu, þar sem bókasöfn eru lögum samkvæmt rekin af sveitarfélögum. Sú landfræðilega afmörkun er rökrétt þegar kemur að lánum á prentuðum bókum sem sækja þarf og skila í útibú viðkomandi safns. Torséð er að sá háttur verði hafður á útláni rafbóka, a.m.k. ekki til langrar frambúðar. Tæknilega er öllum mögulegt að sækja rafbækur til útláns á vefgáttir sem eru í umsjón safna sem eru víðsfjarri heimili notenda.

Við slíkar aðstæður verður tengingin milli lögheimilis lántakandans og staðsetningar bókasafnsins ekki lengur jafn sjálfsögð. Rökrétt afleiðing hlyti að verða einhvers konar sameiginlegt rafbókaútlánakerfi íslenskra bókasafna óháð búsetu. Þar sem enn er margt á huldu um þróun útlánamála rafbóka á bókasöfnum gerir nefndin ekki ákveðnar tillögur í þessum efnum.

3. Námsefni í framhaldsskóla

Samráðsnefndin leggur til að námsgagnaútgáfa á framhaldsskólastigi verði stórefld og allt námsefnið verði aðgengilegt rafrænt. Lagt er til að þróunarsjóður námsgagna verði eflur og vinnulag hans skýrt. Þar mætti styðjast við fyrirmynd Miðstöðvar íslenskra bókmennta þegar kemur að úthlutun á styrkjum til námsefnisgerðar og tengja styrki við útgáfu fremur en þróunarvinnu. Með því að tengja styrkina við bókaútgefendur er einnig gengið úr skugga um gæði efnisins og að dreifing sé tryggð.

Nemendur í framhaldsskólum, kaupa námsgögn sín á almennum markaði og þeir eða fjölskyldur þeirra bera allan kostnað af þeim kaupum. Fjöldmörg bókaforlög framleiða námsefni fyrir framhaldsskólastigið en einnig er algengt að kennarar semji eða þýði námsefni á sínu sérsviði og

selji það nemendum með ýmsum hætti. Eitthvað er um að erlent námsefni sé notað óþýtt til kennslu og námsefni til tungumálakennslu er að mestu leyti innflutt.

Almennt viðhorf þeirra sem þekkja til þessara mála er að vandræðaástand ríki viðvíkjandi námsefni fyrir framhaldsskólanema. Framboð efnis sé ekki nægjanlega mikið í öllum námsgreinum og gagnrýnt hefur verið að hluti af því efni sem er á boðstólum sé ekki nægjanlega vandað. Á síðustu tveimur áratugum hafa breyttir viðskiptahættir einnig gjörbylt markaðnum fyrir námsgögn framhaldsskóla. Skiptibókamarkaðir hafa tekið til sín æ stærri hluta af tekjum bókaútgefenda og þar með eyðilaggt hvata til að framleiða nýtt námsefni. Um leið eykst krafan frá fjölskyldum framhaldsskólanema um lækkun kostnaðar vegna námsefniskaupa. Þar sem markaðurinn fyrir námsgögn framhaldsskólanema stendur algerlega og fellur með kaupum nemendanna hefur ekkert komið í staðinn fyrir þann tekjumissi sem útgefendur hafa orðið fyrir á undanfórnum árum. Hvorki ríki né sveitarfélög kaupa námsgögn fyrir nemendur á framhaldsskólastigi og búa þannig til markað sem hvetur til nýsköpunar og nýútgáfu námsgagna.

Vandinn er einnig fólgin í því að á framhaldsskólastigi er mikil breidd í framboði menntunar og því þarf í mörgum tilfellum að framleiða námsefni fyrir mjög litla hópa, t.d. í iðngreinum. Það er í senn kostnaðarsamt og tekjuvonir litlar. Því er óhjákvæmilegt að velta upp þeirri hugmynd að hið opinbera styðji betur við námsefnisgerð fyrir framhaldsskóla, þó ekki væri nema fyrir þá nemendur sem enn eru fræðsluskyldir eða allt að átján ára aldri. Margir hafa auk þess velt fyrir sér hvort útgáfa stafræns námsefnis geti ekki á einhvern hátt verið hluti lausnar á þessum vanda.

Stafrænt námsefni má gefa út í smáum einingum og því geta kennarar og nemendur valið þá hluta sem þeir þurfa að nota. Stafrænt efni hefur líka þann kost að auðvelt er að uppfæra það og sjá til þess að í því sé að finna nýjustu upplýsingar á hverju sviði, án þess að henda þurfi gömlum bókum og prenta nýjar. Þótt því fylgi sannarlega kostnaður að útbúa rafrænar gerðir bóka, einkum þegar umbrot er flókið eða gagnvirkni er fyrir hendi, sparast án efa einhver kostnaður þegar ekki þarf lengur að prenta bækur, dreifa þeim eða geyma þær á lager. Með tilkomu spjaldtölva má ætla að síður þurfi að prenta út stafrænt efni til notkunar í skólum heldur geti nemendur bæði lesið efnið á tölvunni, leyst þar verkefni og sent kennara sínum eða kynnt fyrir félögunum.

Rétt er þó að leggja áherslu á að nefndin gerir hér greinarmun á einföldum textabókum með myndskreytingum sem gefnar eru út á stafrænu formi og efni sem krefst flókninnar tæknilegrar útfærslu. Þegar um er að ræða framleiðslu á gagnvirkum, stafrænu efni, þar sem möguleikar tækninnar eru fullnýttir, er ekki um sparnað að ræða því framleiðsla á slíku efni er kostnaðarsöm.

Nokkuð hefur verið rætt um mikilvægi opins menntaefnis í námsefni og það getur vissulega verið hluti af því efni sem notað er í skólum. Sem stendur hentar það þó fyrst og fremst sem ítarefni við hlið útgefins efnis, á sama hátt og annað efni sem kennarar hafa alltaf samið eða víðað að sér úr ýmsum áttum og notað í kennslu sinni.

Þróunarsjóður námsgagna styrkir nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Um styrki sækja bæði höfundar og útgefendur en ekki hefur verið tryggt að námsefni sem hefur fengið styrki fullnægi eðlilegum kröfum um gæði námsefnis eða að það komist í almenna dreifingu og nýtist í skólum. Nefndin telur skynsamlegt að endurskoða starfshætti varðandi styrkveitingar og leggur til að tekið verði upp líkt fyrirkomulag og notast er við hjá Miðstöð Íslenskra Bókmennta þar sem umsækjendur sækja um styrki tengdum útgáfu og fá þá ekki greidda fyrr en vinnslu á verkinu er lokið eða vinnslan er komin vel á veg. Með því að

umsækjendur hefðu skýra tengingu við útgáfu yrði tryggt að fjármagn sjóðsins myndi sannarlega skila sér í nýju námsefni.

4. Námsefni fyrir grunnskóla

Samráðsnefndin leggur til að námsgagnagerð á grunn- og leikskólastigum verði efl, námsefni á erlendum málum þýtt og nemendum tryggður aðgangur að búnaði til að vinna með rafrænt námsefni. Þá er einnig mikilvægt að efni sé til á íslensku og erlent efni verði þýtt með markvissum hætti, til að draga verulega úr því að grunnskólar notist við rafrænt margmiðlunarefni á öðrum tungumálum en íslensku.

Miklar hræringar eru nú í menntageiranum og stórar breytingar í uppsiglingu. Þar er einna viðamest aukin notkun á spjaldtölvum í skólastarfi á öllum skólastigum. Í þessari breytingu felast óneitanlega tækifæri en einnig er þar ýmislegt að varast.

Til að grunnskólakerfið geti nýtt sér til fullnustu þá tæknimöguleika sem standa til boða leggur nefndin til að íslenska ríkið hefji markvissa spjaldtölvuvæðingu grunnskólanna. Æskilegt er að slík uppfærsla á búnaði fari fram í nokkrum skrefum, ekki síst til að dreifa kostnaðinum á lengra tímabil. Í fyrsta skrefi slíkrar væðingar er t.a.m. hægt að hugsa sér að miða við eina tölvu á hverja fjóra nemendur (tuttugu manna bekkur hefði því fimm tölvur til umráða). Þetta upphafsskref er ekki síst farið vegna þess að ekki liggur ljóst fyrir hversu margar spjaldtölvur þarf í raun á hvern nemanda svo vel sé. Með þessu móti er einnig hægt að skapa svigrúm til að mæta tæknistökkbreytingum sem geta orðið á þessu sviði og koma í veg fyrir að skólakerfið sitji uppi með dýran vélbúnað sem nýtist illa eða ekki.

Spjaldtölvur eru margs konar og líkur á að framboð þeirra muni aukast hratt og verði þar með lækka. Líklegt verður því að teljast að grunnskólar muni í auknum mæli kaupa inn bekkjareintök af einföldum og hagkvæmum spjaldtölvum. Seljendur spjaldtölva bjóða margir upp á margs konar fræðsluefni, annað hvort í kaupbæti með tölvunum eða á hagstæðu verði. Oft er um að ræða vandað og gagnvirkt fræðsluefni um ólík svið menntunar, t.d. stærðfræði, stjörnufræði og líffræði, sem sjálfsagt er að nota þegar það höfðar til nemenda og hefur burði til að kveikja áhuga þeirra. Gallinn er hins vegar sá að umrædd forrit eru nánast eingöngu fánleg á ensku.

Því gæti hæglega myndast sú staða, á skömmum tíma, að grunnskólar fjárfesti í tölvum til að uppfæra kennsluáðferðir sínar en hafi ekki aðgang að frambærilegu og spennandi efni fyrir þær á íslensku. Við þessu þarf að sporna, t.d. með þýðingum á viðkomandi fræðsluefni. Þó skal tekið fram að Námsgagnastofnun býður nú þegar upp á stóran hluta efnis síns í rafrænu formi á ýmsum skráarsniðum.

Nú þegar eru þess dæmi að grunnskólar noti erlent fræðsluefni og líti einfaldlega framhjá þeirri staðreynd að grunntungumál þeirra er enska. Að mati nefndarinnar felst í því alvarleg ógn við framtíð íslenskunnar þegar íslenskir grunnskólanemendur, sem þegar innbyrða reiðinnar býsn af enskri tungu í gegnum afþreyingarmiðla, eru farnir að stunda hluta af grunnnámi sínu á ensku.

Við þessu þarf að bregðast og hafa í huga hversu ör þróunin er í þessum geira. Lausnin er alls ekki sú að stemma stigu við notkun spjaldtölva, enda virðast þær komnar til að vera sem valkostur í kennslu, heldur þarf að tryggja að umrædd forrit séu almennt aðgengileg á íslensku.

Bæði innlendar og erlendar rannsóknir á skólastarfi hafa sýnt að námsefnið hefur mjög mikil áhrif á skólastarf og stýrir í mörgum tilfellum námi barna og ungmenna og stórum hluta þess sem

fram fer í skólanum. Því er afar mikilvægt að námsefnið sé vel úr garði gert að öllu leyti. Tryggja þarf að það fylgi námskrám mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Í ritstjórnarferli, sem er mikilvægur hluti útgáfunnar, er meðal annars farið yfir texta og myndir og þess gætt að hvergi sé rangt með farið og að um efnið sé fjallað af virðingu fyrir fólki, hugmyndum og aðstæðum. Auk yfirferðar ritstjóra þarf að senda allt efni í faglegan og málfarslegan yfirlestur, útlitshönnun og umbrot, prentun og band, forritun og myndbandsgerð.

Á Íslandi eru ekki margir höfundar sem hafa það að atvinnu að skrifa námsefni. Flestir námsefnishöfundar að skrifa námsefni í hjáverkum. Margir kennarar í fullu starfi skrifa einnig bækur í frítíma sínum. Stór hluti námsefnishöfunda á hverjum tíma er að skrifa sína fyrstu bók og þeir hafa því enga reynslu af slíkri vinnu. Það segir sig sjálft að þessar aðstæður gera námsefnisgerðina ekki auðveldari.

Gera þarf átak í útgáfu stafræns efnis ef íslenskir nemendur eiga að geta fylgt jafnöldrum sínum í nágrannalöndunum hvað varðar notkun á tölum/spjaldtölum og stafrænu námsefni. Til að þetta megi takast þarf að auka fjárveitingar til námsefnisgerðar. Það má gera með tvennum hætti. Annars vegar auka fjárveitingar til Námsgagnastofnunar, sem hefur það lögbundna hlutverk að framleiða námsgögn fyrir nemendur á skólaskyldualdri, hins vegar að auka framlög til Námsgagnasjóðs, sem ætlað er að aðstoða skóla við að kaupa inn námsgöng frá öllum bókaútgefendum og auka þannig val um námsgögn. Fjárframlög til sjóðsins hafa minnkað verulega frá stofnun hans og hafa þar af leiðandi ekki orðið öðrum útgefendum nægileg hvatning til að framleiða námsefni fyrir grunnskóla. Framlög til Námsgagnastofnunar hafa einnig minnkað.

Ekki hefur fram að þessu verið gefið út mikið af námsefni fyrir leikskólastigið en það þarf að breytast. Þar vantar bæði handbækur fyrir leikskólakennara og eiginlegt námsefni fyrir börnin. Með stafrænni tækni hafa opnast möguleikar til að búa til námsefni sem getur kennt yngstu nemendunum ótrúlegustu hluti á skemmtilegan hátt.

5. Almennur stuðningur við íslenska bókaútgáfu

Samráðsnefndin leggur til að yfirvöld gæti að því að íslenskri bókaútgáfu sé búið hagfellt viðskiptaumhverfi og litið á heilbrigði hennar sem mikilvægan þátt í verndun bókmennningar. Þótt bókaútgáfa fari vissulega fram á viðskiptagrundvelli er hún einnig nátengd menningu og hefur þar með aukið gildi, umfram þau jákvæðu áhrif sem bókaútgáfa hefur á hagkerfið í heild sinni.

Íslensk bókaútgáfa er menningarstarfsemi sem er að miklu leyti sjálfbær. Rekstur hinna mörgu smáu fyrirtækja, sem og hinna fáu stærri, stendur undir sér með því að láta vinsæla titla standa undir útgáfu þeirra sem minna seljast, stundum metnaðarfullri verka sem hafa menningarlegt mikilvægi. Íslenskar bókaútgáfur geta ekki sótt sér tekjur svo neinu nemur inn á námsefnis- eða stofnanamarkaði, eins og tíðast á flestum stærri málsvæðum, og eru því algerlega háðar almennum neytendamarkaði og þeim aðstæðum sem þar ríkja. Íslenskri bókaútgáfu er í raun haldið uppi af vilja endursöluaðila af ýmsu tagi. Það hefur verið blessun hennar að bækur hafa hingað til þótt eftirsóknarverð vara.

Til þess að útgáfan megi halda áfram að lifa og starfa sjálfstætt er mikilvægt að skilningur sé á hlutverki útgáfufyrirtækja. Um árabíl hafa bókmennir og bókaútgáfa þótt svo sjálfsgæður hluti af íslenskri menningu að varla hefur þótt taka því að minnast á það. Á hátíðarstundum er talað um mikilvægi bókmennna, iðulega vitnað í sígilda texta og jafnvel rætt um „bókaþjóðina“ sem mest

gefur út og kaupir af bókum. En á sama tíma er lítið rætt um forsendur þessarar starfsemi eða framtíðarhorfur og lítið er minnst á stefnumörkun stjórnvalda varðandi stuðning til vaxtar eða viðgangs greinarinnar.

Eins og fyrr sagði treystir íslensk bókaútgáfa afar mikið á neytendum sjálfa og kaupvilja þeirra og þiggur litla sem enga fyrirgreiðslu eða sérafgreiðslu af hálfu hins opinbera. Sambandi hins opinbera og bókaútgáfunnar er þó víða öðru vísi háttað. Sem dæmi má nefna að í Noregi kaupir ríkið inn, í gegnum bókasöfnin, tiltekinn fjölda af öllum nýjum bókum sem uppfylla tiltekin skilyrði, í Frakklandi, Þýskalandi, Sviss, Ítalíu, Hollandi og fleiri Evrópulöndum hafa yfirvöld farið þá leið að innleiða fast bókaverð til að styrkja stöðu bóksölu í öllum landshlutum og skjóta traustum viðskiptalegum stoðum undir greinina í menningarlegum tilgangi. Þar við bætist að ríki og sveitarfélög eru í öllum Evrópulöndum beinn aðili að bókamarkaðinum með umfangsmiklum kaupum á efni frá einkareknum bókaútgáfum fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Slíku er ekki til að dreifa hér á landi..

Einnig er brýnt að útgáfustarfsemi hins opinbera fari í skýrari farveg og verk sem hingað til hafa verið gefin út í umsjá ýmissa stofnana sem ekki hafa með útgáfumál að gera séu almennt boðin út. Hér er ekki átt við námsgögn í grunnskólum eða framhaldsskólum heldur bendir samráðsnefndin á að útgáfa, t.d. ritun sögulegs fróðleiks og greinasafna, er ekki ólík öðrum innkaupum í opinberum rekstri og ætti með réttu að vera í höndum fagfólks sem bæði getur tryggt gæði og hagkvæmustu leiðir. Þannig ættu stofnanir og fyrirtæki hins opinbera að leita hagstæðustu leiða í útgáfu og tryggja gæði efnisins, endingu og dreifingu, með samstarfi við fagaðila.

Með tæknibreytingum síðustu áratuga hafa skapast ótal ný tækifæri og möguleikar í útgáfu texta á bæði pappír og stafrænu formi. Dreifing verður auðveldari og aðgengi fólks að efni margfalt auðveldara. Þá verða einnig til ný viðmið um hvað sé eðlilegt aðgengi og þarfir breytast með hliðsjón af hinum nýja veruleika. Eitt af því sem ekki breytist þó tækninni fleygi fram er mikilvægi útgefenda og útgáfufyrirtækja. Hlutverk þeirra við að ritstýra, fjármagna, kynna og dreifa efninu verður jafnvel enn stærra í heimi þar sem framboð á efni og upplýsingum verður meira yfirþyrmandi og yfirborðskenndara.

Ýmiss óbeinn stuðningur er af hálfu hins opinbera við íslenska útgáfustarfsemi og mikilvægt er að hann verði áfram tryggður, s.s. í formi ritlauna rithöfunda, rannsóknastyrkja til fræðimanna, bókasafnssjóðs og aðkomu hins opinbera að háskólastarfsemi.

Hvað varðar sjálf viðskiptaumhverfi bókaútgáfunnar er mikilvægt að ekki verði horfið af þeirri braut að hafa virðisaukaskattsprósentu af seldum bókum sem lægsta og að halda áfram þeirri stefnu að hafa hana jafnlága á allar útgáfugerðir bókmennta. Ísland er nú eitt af örfáum löndum í heiminum þar sem stjórnvöld hafa verið svo framsýn að tryggja jafnt prentuðum bókum, rafbókum og hljóðbókum sömu virðisaukaskattsprósentu. Mikilvægt er að svo verði áfram. Áherslan á lága virðisaukattsprósentu á bækur er svo mikil um heim allan að í 95% þeirra landa sem aðild eiga að alþjóðasamtökum bókaútgefenda, IPA, eru bækur settar í lægsta virðisaukaskattþrep eða undanþegnar virðisaukaskatti alfarið, líkt og gert í Bretlandi og Noregi. Samráðsnefndin telur mjög brýnt að ekki verði hróflað við núverandi virðisaukaprósentu á bækur, enda sé lágur virðisaukaskattur ein sanngjarnasta og gagnsæjasta leiðin til að styrkja stöðu bókaútgáfunnar til framtíðar.

Lokaorð

Ástæða er til að áréttta í lok þessarar skýrslu að margt sem hér er ritað er háð því hversu hröð tækniþróun í þessum geira er orðin. Sama hvaða tæknilausnir verða fyrir valinu er ljóst að til að sporna gegn áhrifum erlendra tungumála, einkum ensku, og ýta undir að Íslendingar haldi áfram að líta á íslensku sem sitt eðlilega móðurmál þarf að koma til átaks af hálfu yfirvalda.

Ekki er ástæða til að líta á nýjar tæknilausnir sem eiginlegar ógnanir við tilvist íslenskunnar, en tryggja verður að á nýjum lestrarvettvangi lesenda, hvort sem er í sínum eða tölvum, verði til gott úrval af efnisinnihaldi á íslensku. Slíkt gerist ekki endilega af sjálfu sér og nú þegar virðist vera kominn upp skortur á efni og við þessu þarf því að bregðast með beinum hætti.

Þær aðgerðir sem hér er stungið upp á eru því í fullu samræmi við inntak íslenskrar málstefnu; þær eru veigamiklar og mikilvægar til að tryggja framtíð íslenskrar tungu og það er ósk nefndarinnar að við tillögunum verði brugðist hratt og örugglega.